Kennari	Guðjón Ólafsson	**Sk.st.**	GÓL

Áfangalýsing:
Gerðar eru meiri kröfur um sjálfstæð vinnubrögð en í ENS 103. Lestur almennra og sérhæfðra texta sem ekki eru einfaldaðir. Unnið með orðabók þar sem það á við. Aukin áhersla á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Markviss hlustun. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum á öllum færnisviðum. Enskt talmál æft, m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Markmið:
Að bæta við kunnáttu nemenda í lesskilningi, hlustun, ritun og ensku talmáli.

Námsgögn:
Echoes of English fyrir ENS 203 útg. haustönn 2014. Fæst á skrifstofu VMA
Boys Don't Cry eftir Malorie Blackman, Corgi Books 2011, fæst í bókabúðum
ENS 203 Short Stories: smásagnahefti á skrifstofu skólans.
Aukaefni á Moodle-kennsluvef

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
34 - 37 **22.08.** **til** **12.09.**	Kynning á áfanganum. Kaflar 1-3 úr *Echoes of English* lesnir og verkefni úr þeim unnin. Byrjað að lesa skáldsöguna *Boys Don't Cry*.	Ýmis Moodle verkefni, stílar og annað unnið eftir því sem þurfa þykir. **Ritunarverkefni 1 (5%)**.
38 - 41 **15.09** **til** **10.10.**	Kaflar 4-6 úr *Echoes of English* lesnir og verkefni úr þeim unnin. Fyrri smásaga lesin.	**Kaflapróf** úr köflum 1 – 4 úr *EoE* **(5%)**. Ýmis Moodle verkefni, stílar og annað unnið eftir því sem þurfa þykir. ***Boys Don't Cry*** framsöguverkefni **(5%)**. **Verkefni úr smásögu (5%):**
42 - 45 **13.10.** **til** **07.11.**	Kaflar 7-9 úr *Echoes of English* lesnir og verkefni úr þeim unnin.	**Book Report** úr skáldsögunni skilað **(10%)**. **Kaflapróf** úr köflum 5 – 8 úr *EoE **(5%)***. Ýmis Moodle verkefni, stílar og annað unnið eftir því sem þurfa þykir. **Ritunarverkefni 2 (5%)**.
46 - 49 **10.11** **til** **02.12.**	Kaflar 10-12 úr *Echoes of English* lesnir og verkefni úr þeim unnin. Síðari smásagan lesin.	Ýmis Moodle verkefni, stílar og annað unnið eftir því sem þurfa þykir. **Verkefni úr smásögu (5%)**.

Námsmat og vægi námsþátta:

	Námsþáttur	**Vægi**
Ritun	Ritunarverkefni (tvö, 5% hvort)	**10%**
Bókmenntir	*Boys Don't Cry* • Framsöguverkefni • Book Report Smásögur • „Rikki-Tikki-Tavi“ - Fjölvalsspurningar á Moodle • „Beware of the Dog“ - Ritun	 **5%** **10%** **5%** **5%**
Kaflapróf	Tvö, úr fjórum köflum hvort (1-4 og 5-8, 5% hvort)	**10%**
Ýmislegt	Ýmis verkefni unnin heima eða í tímum	**5%**
Annað	Lokapróf	**50%**

Heildarnámsmat:

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um í mætingareglum. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. **Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður.** Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í prófseinkunn og annareinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn nái einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á lokaprófi.

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 20.08.14

Undirritun kennara **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**